

## GJALDSKRÁ

**fyrir matvæla, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit  
á svæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.**

### 1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, efnalögum nr. 61/2013, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli og með reglugerðum settum með stoð í þeim, er eftirlitinu heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

### 2. gr.

Tímagjald	kr. 13.500
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 22.500
Tóbaksleyfisgjald	kr. 20.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin fjögur ár, vottað gæðakerfi síðastliðin fjögur ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin fjögur ár, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

### 3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:  
Starfsleyfisgjald eitt og hálf tímagjald  
og auglýsingakostnaður ef við á.

Ný starfsemi:  
Starfsleyfisgjald eitt og hálf tímagjald  
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks  
ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:  
Starfsleyfisgjald eitt og hálf tímagjald  
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings,  
ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

### 4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 15 dögum eftir útgáfudag reiknings.

### 5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra gefur út samkvæmt fyrirleggjandi gögnum greiðist eitt tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og önnur sérstök verkefni greiðist samkvæmt reikningi. Fyrir húsa- skoðun á íbúðum, með einföldu mati á myglu, greiðist eitt tímagjald.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar- varnir og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Umhverf- isstofnun, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr. Matvælafyrirtæki sem Matvælastofnun hefur framselt eftirlit með til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra samkvæmt samningi, skulu greiða gjöld sam- kvæmt 2. gr.

7. gr.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Ef raun- kostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknarstofu er hærri en sem nemur gjaldi heilbrigðis- eftirlits fyrir rannsókn skal innheimta raunkostnað að viðbættu umsýslugjaldi.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A.

8. gr.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra innheimtir öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari og sbr. fylgiskjal sem birt er með gjaldskránni. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldldagi gjalds samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 15 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

9. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 með síðari breytingum og X. kafla laga um matvæli nr. 93/1995 og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 78/2018 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Norðurlands vestra.

*Sauðárkróki, 11. janúar 2019.*

F.h. heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis vestra,

**Sigurjón Þórðarson** framkvæmdastjóri.

**Fylgiskjal.**

## VIÐAUKI A

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Gjald, kr.
01.24.01.1	Alifuglarækt	1,0	43.875
97.00.0.2	Almenningssalerni	0,5	16.875
52.31.00	Apótek (söluturn án óvarinna matvæla)	0,5	20.250
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélagsins	0,5	33.750
15.81.0.2	Bakarí, lítið	1,0	66.375
15.81.0.3	Bakarí, miðlungs	2,0	110.250
15.81.0.4	Bakarí, stórt	2,0	114.750
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn)	0,5	20.250
50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	1,0	35.100
50.20.0.3	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	1,0	54.000
50.20.0.7	Bifreiðasprautun	0,5	23.625
71.10.0.1	Bílaleiga	0,3	11.813
15.96.0.0	Bjórgerð	1,0	60.750
15.96.0.1	Bjórgerð, lítil, ekki samfelld starfsemi	0,5	23.625
28.52.0.1	Blikksmiði	0,5	23.625
50.20.0.10	Bón- og bílapvottur, handvirk	0,3	8.438
85.32.1.1	Dagmómmur með > 6 börn	0,3	8.438
85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil	1,0	74.250
85.11.4.3	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	1,0	114.750
92.53.0.1	Dýragarður	0,5	18.563
93.01.0.2	Efnalaugar	0,5	20.250
50.50.0.0	Eldsneytisstöðvar,	1,0	47.250
50.50.0.1	Eldsneytisstöðvar, sjálfvirkar	1,0	37.125
50.50.0.2	Eldsneytistankar við hafnir, minni en 10.000 l	0,5	18.563
37.20.0.1	Endurnýting úrgangs	1,0	54.000
75.23.0.1	Fangaklefar	1,0	37.125
85.32.6.2	Félagsheimili með eldhúsi	1,0	69.750
85.32.6.1	Félagsheimili með eldhúsi, lítil	0,5	20.250
52.23.0.4	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	1,0	56.250
55.21.0.1	Fjallaskálar, litlir	0,3	8.438
63.23.0.2	Flugvellir	0,5	25.313
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	1,0	54.000
15.71.1.0	Framleiðsla á dýrafóðri	1,0	50.625
15.20.7.0	Framleiðsla á kítínfásýkrum	1,0	114.750
15.61.0	Framleiðsla á kornvörum og pökkun	1,0	54.000
25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasi og efnum sem koma í snertingu við matvæli	1,0	40.500
25.22.0.1	Framleiðsla á umbúðum og efnum sem koma í snertingu við matvæli (minni)	0,5	20.250
26.13.0	Framleiðsla gleriláta	0,5	23.625
15.71.1.1	Framleiðsla gæludýrafóðurs, lítil	0,2	6.750
26.63.0.2	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	1,0	40.500
26.63.0.1	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu, lítil	0,5	20.250
15.89.00	Framleiðsla annarra matvæla	1,0	57.375
52.10.00	Frystigeymslur	0,5	21.938
80.22.0.0	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám/heimavist	1,0	81.000
80.21.0.2	Fræðslustarfsemi með mótuneyti, lítil	1,0	67.500
80.21.0.3	Fræðslustarfsemi með mótuneyti, stór	1,0	94.500
80.21.0.1	Fræðslustarfsemi/skólar, án mótuneytis	1,0	40.500

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Gjald, kr.
24.20.0.1	Garðaúðun	0,3	11.813
90.00.0.4	Gámastöð – stærri flokkun	1,0	54.000
90.00.0.41	Gámavöllur, móttaka úrgangs, lítill	0,5	27.000
55.12.0.1	Gistiskálar og gistiheimili án veitingasölu, lítið, allt að 16 gestir	0,5	20.250
55.12.0.2	Gististaðir án veitingasölu, 17-49 gestir	1,0	47.250
55.12.0.3	Gististaðir án veitingasölu, 50+ gestir	1,0	67.500
55.11.0.3	Gististaðir með veitingasölu, 100 + gestir	2,0	184.500
55.11.0.1	Gististaðir með veitingasölu, 17-49 gestir	1,0	94.500
55.11.0.2	Gististaðir með veitingasölu, 50-100 gestir	2,0	135.000
55.11.0.4	Gististaður með fjölbreytta þjónustu, matsölu, sundlaug, snyrtiþjónustu o.fl.	2,0	148.500
14.21.0.0	Grjót-, malar- og sandnám	1,0	50.625
25.13.0.1	Gúmmívinnsla	0,3	11.138
85.32.2.3	Gæsluvellir/leikvellir	0,3	8.438
93.02.0.0	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	0,5	25.313
93.02.0.1	Hárgreiðslustofur	0,5	20.250
85.11.1.3	Heilbrigðisstofnun, með fullbúnu eldhúsi	2,0	184.500
51.44.2.0	Heildverslun með hreingerningarefni	0,5	20.250
51.31.0.1	Heildverslun með matvæli, hreingerningarefni o.fl., lítill	0,5	16.875
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar, litlar	1,0	33.750
93.29.00	Hestaleigur og reiðskólar	0,5	16.875
80.10.0.5	Hestamiðstöð	0,5	16.875
50.20.0.15	Hjólbarðaverkstæði	0,5	16.875
85.14.94	Húðflúrstofo	0,5	20.250
92.61.0.4	Íþróttahús, lítill	1,0	33.750
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	1,0	47.250
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	1,0	54.000
92.61.0.8	Íþróttamiðstöðvar með sundlaug	2,0	128.250
92.61.0.7	Íþróttavellir	0,5	23.625
37.20.0.2	Jarðboranir	1,0	54.000
55.40.0.3	Kaffisala (kaffi og kökur) - sumaropið	0,5	16.875
91.31.1.1	Kirkjur	0,3	8.438
15.13.0.5	Kjötvinnsla miðlungs með reykingu - mengun	1,0	88.875
15.13.0.1	Kjötvinnsla, lítill	1,0	59.625
15.81.0.0	Kleinu-, sælgætisgerð o.fl., minniháttar starfsemi	0,3	11.138
55.40.0.2	Krár, kaffihús, án matsölu	1,0	50.625
55.40.0.4	Krár, kaffihús, einfaldar veitingar og gisting	1,0	60.750
55.40.0.1	Krár, kaffihús, með matsölu	1,0	123.750
15.87.0.1	Krydd- og bragðefnavinnsla, lítill	1,0	66.375
15.87.0.2	Krydd- og bragðefnavinnsla, miðlungs	2,0	87.750
15.87.0.3	Krydd- og bragðefnavinnsla, stór	2,0	114.750
15.20.8.0	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta	1,0	76.500
15.20.8.1	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítill	1,0	56.250
38.21.00	Landmótun með óvirkum úrgangi	0,3	13.365
19.10.0.1	Leðurvinnsla	0,5	33.750
85.32.2.2	Leikskólar með eldhúsi	1,0	74.250
85.32.2.1	Leikskólar með móttökueldhúsi,	1,0	54.000
26.21.0.1	Leirmunaverkstæði afkastageta, ofn < 4 m <sup>2</sup>	0,5	23.625
93.04.0.1	Líkamsræktarstöðvar	1,0	40.500
93.04.0.2	Líkamsræktarstöðvar, litlar	1,0	31.050

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Gjald, kr.
01.25.2.0	Loðdýrabú, lítið	0,5	21.938
01.25.2.1	Loðdýrabú, stórt	1,0	50.625
55.30.1.1	Matsölustaðir, litlir	1,0	100.125
55.30.1.2	Matsölustaðir, miðlungs	1,0	123.750
55.30.1.3	Matsölustaðir, stórir	1,0	137.250
52.11.2.4	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	1,0	67.500
52.11.2.5	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	2,0	101.250
52.11.2.6	Matvöruverslun án vinnslu, stór	3,0	162.000
52.11.2.1	Matvöruverslun með vinnslu	2,0	137.250
52.11.2.3	Matvöruverslun með vinnslu, stór	2,0	193.500
20.30.9.5	Málningaraðstaða	0,3	8.438
85.31.1.0	Meðferðarheimili fyrir börn og unglínga	1,0	50.625
15.61.0.2	Meðhöndlun og framleiðsla á kornvörum	1,0	43.875
20.20.0.1	Meindýravarnir	0,3	11.200
15.51.0.1	Mjólkurbú	2,0	103.500
15.51.0.0	Mjólkurbú og ostagerð	2,0	162.000
51.57.02	Móttaka brotamálms	1,0	47.250
38.22.00	Móttaka og meðhöndlun á seyru	0,5	20.250
51.57.03	Móttaka úrgangs til endurvinnslu	1,0	57.375
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	1,0	76.500
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	2,0	96.750
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	2,0	130.500
51.57.01	Niðurrif bifreiða	1,0	40.500
43.11.00	Niðurrif bygginga og undirbúningur byggingasvæðis	1,0	33.750
93.04.0.9	Nuddstofur	0,5	16.875
26.82.9.1	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	1,0	50.625
26.82.9.2	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu	1,0	67.500
15.51.0.2	Ostagerð	2,0	67.500
15.51.0.3	Ostagerð, lítil, ekki samfelld starfsemi	0,5	23.625
25.21.0.1	Plastiðnaður, stór	1,0	54.000
25.20.00	Plastvöruframleiðsla	0,5	37.125
22.22.9.1	Prentiðnaður, lítill	0,3	11.138
22.22.9.2	Prentiðnaður, miðlungs	0,5	37.125
22.22.9.3	Prentiðnaður, stór	1,0	57.375
31.62.0.1	Rafvéla verkstæði	0,3	10.125
72.11.00	Rannsóknarstarfsemi	0,3	11.813
80.10.0.6	Reiðhöll – sýningarstarfsemi	1,0	47.250
92.13	Rekstur kvikmyndahúsa	0,5	21.938
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	1,0	56.250
52.49.9.4	Sala eiturefna og hættulegra efna	1,0	33.750
15.33.0.2	Salatgerð	2,0	130.500
85.31.4.0	Sambýli með heimiliseldhúsi	0,5	25.313
15.33.0.4	Samlokugerð, lítil	0,5	46.125
24.51.31	Sápu og kremframleiðsla	0,3	9.281
43.99.0.1	Sérhæfð byggingarstarfsemi	1,0	43.875
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	0,5	16.875
55.30.2.1	Skemmtistaðir án matsölu	1,0	64.125
55.30.2.0	Skemmtistaðir með matsölu	1,0	101.250
92.72.0.1	Skotvöllir	0,3	8.438

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Gjald, kr.
85.32.3	Skóladagheimili	1,0	54.000
90.00.0.3	Skólphreinsistöðvar	1,0	33.750
26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,3	7.594
55.30.1.4	Skyndibitastaðir, litlir	1,0	69.750
15.11.0.2	Sláturhús, stórt, með brennsluofni	2,0	144.000
15.11.0.1	Sláturhús miðlungs	1,0	73.125
15.11.0.0	Sláturhús, stór	2,0	123.750
93.02.0.2	Snyrtistofur	0,5	20.250
90.00.0.7	Sorplutningar og sorphirða	1,0	67.500
93.04.0.7	Sólbaðsstofur	1,0	33.750
40.10.0.1	Spennistöðvar – aðveitistöðvar	0,5	20.250
93.21.0.0	Starfsemi skemmti- og þemagarða	1,0	33.750
55.14.0.1	Starfsmannabúðir < 16 manns	1,0	54.000
55.14.0.2	Starfsmannabúðir 17-50 manns	1,0	60.750
55.14.0.3	Starfsmannabústaðir (varanlegt húsnæði) < 16 manns	0,3	20.048
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofaníbúðum og fyllingarefnum	1,0	50.625
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagrautargerð	2,0	117.000
80.10.0.4	Sumarbúðir	1,0	50.625
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	1,0	69.750
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs	1,0	119.250
01.23.0.2	Svínarækt > 2.000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	1,0	83.700
01.23.0.1	Svínarækt < 2.000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	1,0	43.875
85.33.6.3	Söfn	0,5	16.875
52.11.3.1	Söluturnar án óvarinna matvæla	0,5	16.875
52.11.3.2	Söluturnar með óvarin matvæli	1,0	37.125
85.13.1.1	Tannlæknastofur	0,3	13.365
55.22.0.1	Tjaldstæði	0,5	20.250
55.22.0.2	Tjaldstæði, orlofshúsnæði með smáhúsum	1,0	54.000
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,3	10.125
20.30.9.4	Trésmíðaaðstaða	0,5	16.875
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	0,5	37.125
20.30.9.3	Trésmíðaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn)	0,5	16.875
20.30.9.1	Trésmíðaverkstæði með lökkun	0,5	50.625
17.10.0.1	Ullarþvottastöð	2,0	175.500
80.10.0.7	Útihátíð	1,0	56.250
55.12.0.4	Útleiga stakra sumarhúsa/íbúðarhúsnæðis	0,3	15.593
41.00.0.5	Vatnsveitur, 2.000-5.000 íbúa	5,0	742.500
41.00.0.6	Vatnsveitur, 500-2.000 íbúa	2,0	157.500
41.00.0.8	Vatnsveitur, einka m/matvælavinnslu	0,5	20.250
41.00.0.7	Vatnsveitur, færri íbúar en 500	1,0	56.250
55.30.1.7	Veitingavagnar	0,3	11.813
50.20.0.14	Verkstæði fyrirtækja	0,5	21.938
29.11.0.0	Vélsníða- og vélaviðgerðaverkstæði	1,0	40.500
50.20.0.13	Viðgerðaraðstaða	0,3	11.813
15.20.6.1	Vinnsla á fiski, lítil	0,5	39.375
15.20.6.2	Vinnsla á fiski, miðlungs	1,0	69.750
15.20.6.3	Vinnsla á fiski, stór	1,0	110.250
15.31.0.0	Vinnsla og þökkun á grænmeti	0,5	16.875
40.10.0.3	Virkjanir, 10-50 MW	0,5	74.250

<b>ÍSAT-númer</b>	<b>Heiti atvinnugreinar</b>	<b>Tíðni</b>	<b>Gjald, kr.</b>
40.10.0.2	Virkjanir, 2-10 MW	0,5	57.375
40.10.0.4	Virkjanir, stærri en 50 MW	1,0	162.000
85.11.4.4	Vistheimili	0,3	8.438
52.25.0.0	Vínbúð	0,3	22.275
63.21.0.1	Vöruflutningamiðstöðvar	1,0	47.250
63.21.0.0	Vöruflutningamiðstöðvar, litlar	0,5	16.875
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,5	20.250

---

B-deild – Útgáfud.: 29. janúar 2019